

Anna Guðmundsdóttir

Lesið til skilnings

Æfingatextar



Námsgagnastofnun
09732

Efnisyfirlit

Stuttir æfingatextar	3
Föt barna	3
Trunt, trunt og tröllin í fjöllum	4
Urðarköttur	5
Hengirúm	6
Umhirða á leðurskóm	7
Hvolpar	8
Dýraveiðar – nútímastarf á gömlum grunni	9
Brúðuhátíð	10
Er táknmál alþjóðlegt?	11
Kólibrífluglar með filsminni	12
Textabrot til spurningagerðar	13
Textar til nota í samvinnuhópum og lesskilningsverkefni	14
Púkarnir	15
Púkarnir – könnun á lesskilningi	17
Albatrosar	19
Albatrosar – könnun á lesskilningi	21
Bílar	23
Bílar – könnun á lesskilningi	24
Ferðamennirnir og björninn	26
Ferðamennirnir og björninn – könnun á lesskilningi	28
Gróður – gróðureyðing	30
Gróður – gróðureyðing – könnun á lesskilningi	32
Víkingar	34
Víkingar – könnun á lesskilningi	36
Vinnublað nemenda	38
Heimildaskrá	40
Leiðsagnarspjöld	41
Kannanir – lausnir	42

Föt barna

Fyrr á tímum, á 17. öld, þurftu stúlkur að fá aðstoð við að klæða sig á morgnana. Þils þeirra voru stífuð og undir þeim ósveigjanleg grind, svokölluð krínólína, sem minnti einna helst á fuglabúr. Skyrtur barna voru oft mjög fallegar, útsaumaðar og skreyttar knipplingum, buxur drengja pokarykktar og skórnir með sylgju. Seinna komst líka í tísku að bera púðraðar hárkollur og hatta með fléttu. Okkur þætti sjálfsagt hlægilegt að sjá börn þannig til fara en kannski hefðu íþróttaskórnir okkar og hárkrem vakið hlátur manna fyrir 200–300 árum. Kannski reyndist börnum fyrri tíma auðveldara að sýna stillingu og haga sér líkar þeim fullorðnu. Fötin þrengdu að þeim og hindruðu hreyfingar.

*Fjölræðibækur barna og unglinga:
Mannasiðir og umgengnisvenjur. Skjaldborg.*

Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum

Einu sinni voru tveir menn á grasafjalli. Eina nótt lágu þeir báðir í tjaldi saman. Svaf annar en hinn vakti. Sá þá hinn sem vakti að sá sem svaf skreið út. Hann fór á eftir og elti hann en gat naumast hlaupið svo hratt að ekki drægi sundur með þeim. Maðurinn stefndi upp til jökla.

Hinn sá þá hvar skessa mikil sat uppi á jökulgnípu. Hafði hún það atferli að hún rétti hendurnar fram á víxl og dró þær svo upp að brjóstinu og var hún með þessu að heilla manninn til sín. Maðurinn hljóp beint í fang henni og hljóp hún burt með hann.

Ári síðar var fólk úr sveit hans á grasafjalli á sama stað. Kom hann þá til þess og var fálátur og ábúðarmikill svo að varla fékkst orð af honum. Fólkíð spurði hann á hvern hann tryði og sagðist hann þá trúa á guð.

Á öðru ári kom hann aftur til sama grasafólks. Var hann þá svo tröllslegur að því stóð ótti af honum. Þó var hann spurður á hvern hann tryði, en hann svaraði því engu. Í þetta sinn dvaldi hann skemur hjá fólkinu en fyrr.

Á þriðja ári kom hann enn til fólksins. var hann þá orðinn hið mesta tröll og illilegur mjög. Einhver áræddi þó að spyrja hann á hvern hann tryði. „Á trunt, trunt og tröllin í fjöllunum,“ sagði hann og hvarf síðan.

Úr Rauðkápu. Námsgagnastofnun 1995.

Urðarköttur

Gestur og Sýrpa ólu upp barnið. Það óx ótrúlega skjótt og var svo fagurt og frítt að enginn trúði því að þau ættu það. Gestur spurði Sýrpu hvað sonur þeirra skyldi heita. Hún kvað það maklegt að hann hétí Urðarköttur þar sem hann var í urðu fundinn. Hann óx dagvöxtum. Sýrpa gerði honum vaðmálsbrækur og hettu sem hann gyrti niður í þær. Krækil hafði hann í hendi og hljóp úti um daga. Hann var þeim þarfur í öllu því sem hann gat unnið. Þau höfðu mikla ást á honum. Þegar hann var þrevetur var hann ekki minni en þeir sem voru sex vetra gamlir.

Úr Rauðkápu. Námsgagnastofnun 1995.

Hengirúm

Kristófer Kólumbus og mennirnir hans hundrað höfðu ekki einvörðungu meðferðis vitneskju um nýja heiminn, gull og innfædda, þegar þeir sneru aftur úr fyrstu ferð sinni til Ameríku árið 1493. Þeir hrifust einnig svo mikið af þeirri hugkvæmni indíána að sofa í hengirúmum að þeir höfðu þessi rúm með sér heim.

Sjómönnum Kólumbusar fannst hengirúmið vera snilldarleg hugmynd, því rúmið var hafið yfir óhreinindin og rakann á þilfarinu og sá sofandi var jafnframt í öruggri fjarlægð frá soltnum rottunum. Svo tók það mjög lítið rými, því rúminu mátti rúlla upp í lítinn pinkil.

Unnið úr tímaritinu Lifandi vísindi

Umhirða á leðurskóm

Þegar vetrar borgar sig að hugsa betur um skóna sína en ella, forða þeim frá skemmdum af völdum seltu, vatns og óhreininda.

Halldór skósmiður í Grímsbæ segir að mörg af þeim efnum sem verið er að selja fólki til skóhirðu séu óþörf. „Það borgar sig að þrifa kuldaskóna með rakri, volgri tusku og bera síðan næringu á þá, leðurfeiti ef um kuldaskó er að ræða en áburð eða silikónúða ef þetta eru finni skór“. Halldór segir að yfirleitt sé hægt að velja um áburð með olíu eða jurtafeiti. Hann segist frekar halda sig við áburð með jurtafeiti, það henti leðrinu best.

Þegar hann er spurður hvernig best sé að haga skóburstuninni, segir Halldór að árangursríkast sé að nota þykkari áburð eftir að búið er að þrifa skóna og bera ríkulega á skóna og að minnsta kosti vikulega. „Þeir eru síðan burstaðir vel með milligrófum burstu og í lokin er gott að nota gamla ráðið að þússa yfir skóna með gömlum ullarsokki eða mjúkri tusku. Með því nær fólk fram fallegum gljóa“.

Unnið úr Morgunblaðinu 11.11.2000.

Hvolpar

Þegar velja á hvolp er mikilvægt að velja rétta hvolpinn. Það sem skiptir mestu máli er hvernig skapgerð hans er en ekki útlitið. Hvolpurinn verður brátt besti vinur þinn en það þarf að sinna honum vel. Hann lærir af þér og reynir að geðjast þér þannig að þú þarft að senda honum skýr skilaboð. Þú þarft að annast hann af kostgæfni. Hann þarf að fara út í gönguferðir, sama hvernig veðrið er, og fá rétt fæði og vatn. Þú þarft einnig að þjálfra hann.

Hundar tilheyra hundaætt eins og úlfar. Í náttúrunni lifa úlfar í hópum. Þegar fjölskylda tekur við hvolpi verður hún hópurinn hans. Í hópnum er yfirleitt leiðtogi og hvolpurinn velur sér oft einn úr fjölskyldunni sem hann álítur leiðtoga.

Hundar eru misstórir og þurfa mismikla hreyfingu. Þegar velja á hund er gott að lesa sér til um tegundirnar. Þannig kemst þú að því hvaða tegund hentar þér og þinni fjölskyldu.

Unnið úr Morgunblaðinu 09.09.2006.

Dýraveiðar – nútímastarf á gömlum grunni

Dýraveiðar voru helsta lífsbjörg Grænlandinga langt fram á þessa öld. Spikið af sjávardýrum var brætt í lýsi sem meðal annars hefur verið notað sem ljósmeti. Fyrir það fékkst gott verð þar til rafmagns- og olíuljós leystu lýsislampa af hólmi.

Aðrar afurðir veiðidýra, einkum selskinn, reyndust einnig góð verslunaravara, alveg fram á 8. áratuginn, en þá hófu ýmis alþjóðleg umhverfis- og náttúruverndarsamtök herferð gegn selveiðum. Hún hófst með háværum mótmælum gegn drápi á litlum, hvítum kópum, „selabörnunum“, þar sem selir kæpa við austurströnd Kanada. Selskinn urðu bannvara víða um heim og verð á þeim hrundi gjörsamlega. Grænlenkir veiðimenn líða enn fyrir þetta áfall þótt þeir hafi kannski aldrei veitt nein „selabörn“, aðeins fullorðna seli.

Leif Aidt í Grænlandi. Námsgagnastofnun.

Brúðuhátíð

Kyoto 2. mars 1997

Á morgun hefst í Japan hin árlega brúðuhátíð stúlkna, hinamatsuri. Hún er ævinlega haldin 3. mars. Þá biðja fjölskyldur þess að dæturnar megi þroskast og dafna. Á brúðuhátíðinni tekur fólk fram brúður sem tákna forna keisara og keisaraynjur og hirðfólk þeirra. Þeim er stillt upp ásamt ýmsum skreytingum og vín er fært að fórn. Stúlkur á aldrinum sjö til sautján ára fara í heimsókn hver til annarrar og bornar eru fram veitingar. Fyrst er hátignunum boðið en síðan gestunum.

Í Japan eru brúður gripir til notkunar við hátíðleg tækifæri frekar en leikföng. Nýgift kona flytur brúðusafnið sitt með sér á nýja heimilið. Áður fyrr tíðkaðist að gefa japönskum mæðrum blórabrúður sem áttu að vernda börn þeirra fyrir öllu illu.

Árleg brúðuhátíð drengja er haldin 1. maí ár hvert þar til piltarnir eru fimmtán ára. Þá er stillt upp brúðum í líki stríðsmanna og ýmsum vopnum og öðru álíka til að örva drengina til riddaralegra dáða. Nú á seinni árum færast reyndar í vöxt að brúðurnar séu í líki íþróttagarpa og fól-boltakappa fremur en stríðsmanna.

Úr bókinni Lestu nú. Iðnú 1997.

Er táknmál alþjóðlegt?

Táknmál eru jafn ólík og öll önnur tungumál. Þetta á rætur sínar að rekja til þess að þau hafa orðið til hvert í sínu landi, þar sem þau hafa þróast í ýmsar áttir, líkt og gerist með þjóðtungur. Jafnvel getur verið að finna ólíkar mállýskur innan sama lands.

Þar sem táknmál er afar sýnilegt eiga heyrnarlausir í flestum tilvikum auðvelt með að eiga samskipti hver við annan, þegar þeir hitta fyrir þá sem nota önnur tákni en þeir. Táknin yfir algengustu hugtökin líkjast nefnilega oft hvert öðru, því þau segja til um athafnir eða hluti. Þetta á til dæmis við um tákni fyrir sagnirnar að borða, sofa og skrifa. Táknin fyrir óáþreifanlega hluti eru hins vegar oft ólík og á alþjóðlegum ráðstefnum heyrnarlausra þarf oft að nota túlka.

Um það bil 7 af hverjum tíu þúsund eru heyrnarlausir og er táknmál móðurmál þeirra. Táknmál hefur ekki alltaf notið mikillar virðingar og hefur stundum verið kallað niðrandi nöfnum. Heyrnarlausir hafa alla tíð orðið að berjast fyrir því að fá táknmál viðurkennt sem fullkomið tungumál. Það hefur nú verið gert.

Unnið úr Lífandi vísindi

Kólibrífluglar með fílsminni

Í fyrsta sinn hefur tekist að sanna hæfni dýrs til að muna bæði hvenær og hvar eitthvað gerðist.

Þetta skarpa minni fannst hjá rauðbrúna kólibrífluglinum sem heldur sig í Klettafjöllum á sumrin. Þar komu skoskir vísindamenn fyrir 8 gervi-blómum í mismunandi litum og fylltu þau með sykurvatni. Sum voru fyllt á 10 mínútna fresti en önnur á 20 mínútna fresti. Röð blómanna var höfð tilviljunarkennd en það kom fljótt í ljós að kólibrífluglarnir gátu reiknað út hvenær hvert blóm var fyllt. Eftir skamman tíma kom í ljós að fuglarnir heimsóttu hvert einstakt blóm aðeins strax eftir að það hafði fengið áfyllingu.

Rottur og prímatar geta munað hvar eitthvað er að finna en hingað til hefur reynst ógerlegt að sanna tímaminni dýra. Fyrir kólibrífluglinn er slíkt tímaskyn mikill kostur, því orkunotkun hans á flugi er svo mikil að hann hefur engan tíma til að fara í fýluferðir til blóma án blómasafa.

Unnið úr Lifandi vísindi

Textabrot til spurningagerðar

- Börn detta iðulega fram úr rúminu í svefni en það er sjaldgæft að þetta komi fyrir fullorðið fólk. Hinir fullorðnu eru nefnilega búnir að læra að þekkja landamæri rúmstokksins og geta því hreyft sig innan þeirra marka sem rúmið setur.
- Sjóngallar eru algengastir í Japan. Þar þurfa 40% íbúanna að nota gleraugu eða linsur.
- Göt í osti eru eftir gasbólur sem bakteríur mynduðu á þroskaskeiði ostsins.
- Selir og önnur sjávardýr drekka ekki fljótandi vatn. Allri þörf þeirra fyrir vökva er uppfyllt í fiskinum sem þeir leggja sér til munns. Ef sjávardýr borða ekki nægilega mikið þorna þau fljótlega upp.
- Saltið í tárunum kemur úr matnum og berst með blóðrásinni upp í tárakirtlana þar sem tárin myndast.
- Simpansar og bavíanar í þjóðgarði í Senegal í Afríku sía drykkjarvatnið til að losna við bakteríur úr því. Þeir grafa litlar holur við hlið vatnsbólsins og þegar gruggugt vatnið rennur í gegnum sandinn í holuna verða bakteríurnar eftir í honum.
- Minnsta bein líkamans er ístaðið í innra eyranu og það er minnsti vöðvi líkamans sem stýrir hreyfingum þess. Hvort um sig er aðeins um tveir millimetrar að lengd.
- Fuglar eiga ekki á hættu að falla af greininni meðan þeir sofa. Sérstakar sínar neðan á fótunum skynja þrýsting frá greininni og sjá til þess að læsa fótunum um hana.
- Fyrstu flugfreyjurnar komu til sögunnar á flugleiðinni milli San Francisco og Chicago árið 1930. Þá tók flugið 20 stundir og milli-lendingar voru 13. Flugfreyjurnar voru menntaðar hjúkrunarkonur.

Textar til nota í samvinnuhópum og lesskilningsverkefni

Eftirfarandi textar eru ætlaðir til að nota í samvinnunámshópum. Eftir að hópar hafa unnið saman með hvern texta, fær hver nemandi lesskilningskönnun sem hann svarar en hefur aðgang að textanum á meðan. Spurningarnar eru fjölbreyttar; varða bein efnisatriði, málskilning, ályktanir sem hægt er draga af efninu og meginatriði textans. Flestar spurningarnar eru fjölvalsspurningar en einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að svara með eigin orðum í stuttri setningu eða orði.

Púkarnir

Það er fært í frásögur um bónda einn, að honum þótti það óþarfa tímatöf að lesa húslestur, enda hætti hann því alveg, og var guðsorð aldrei haft um hönd á heimili hans.

Um miðjan vetur gekk bóndi einu sinni út, og sá hann þá, að þrír púkar sátu á hjalli fram á hlaðinu. Bóndi heyrir, að þeir eru að tala saman, og gaf hann nákvæmar gætur að því, sem þeir sögðu. Einn púkinn sagðist skyldu taka bónda að sér. Annar kvaðst ætla húsfreyjunni þegjandi þörfina en sá þriðji lofaði að sjá fyrir fjósamanni. Því næst hurfu púkarnir, en bóndi hélt inn aftur og lét sem ekkert hefði í skorist.

Skömmu seinna fann bóndi flugu eina óvenjulega í aski sínum. Honum leist illa á fluguna, setti hana inn í veggjarholu og gerði krossmark fyrir holuna. Um sama leyti varð húsfreyja vör við flugu, en hún stakk henni inn í legg og bjó vandlega um.

Um þessar mundir vildi það líka til í fjósinu, að kýrnar urðu allar ærar og ætluðu að brjóta allt og bramla. Fjósamanninum varð ráðfátt, og féllust honum alveg hendur. Í sama bili leysti ein kýrin vind, og varð fjósamanninum það að orði, að hann bað djöful þann, sem væri valdur að þessari ókyrrð, að elta vindinn úr kúnni. Óðara en fjósamaður hafði sleppt orðinu, urðu kýrnar spakari en hann varð þess var, að einhver flygsa fór að druslast innan um fjósið úr einu horninu í annað. Datt fjósamanni í hug, að þetta skrípi gæti ekki komist út, því að fjósdyrnar væru aftur; opnaði hann því dyrnar, og fór flygsan þegar út um þær og hvarf honum sjónum.

Nú líður og bíður og ber ekki á neinum þúkagangi á bæ bónda þangað til seinasta vetrardag. Þá varð bónda gengið út, og sátu þá sömu þúkarnir á hjallinum, sem hann hafði heyrt til um veturinn. Heyrði bóndi, að þeir voru mjög volulegir í máli, og sagði hver þeirra fyrir sig: „Verst átti ég það; verst átti ég það.“ Þegar bóndi hafði hlýtt á kveinstafi þeirra eins og hann lysti, fór hann inn og bað fólk sitt að lesa húslestur, því að það mundi best henta; var það gert þegar í stað, og lét bóndi lesa húslestur úr því, enda varð hvorki bóndi né annað fólk á bænum vart við þúka eftir þetta.

Ólafur Davíðsson. Íslenskar þjóðsögur 2. bindi.

Bókaútgáfan Þjóðsaga 1978.

Púkarnir – könnun á lesskilningi

Nafn: _____ dags. _____

1. Veldu besta svarið. Þessi saga er um ...
 - a) hvað gerðist þegar bóndinn hætti að lesa húslestra.
 - b) mismunandi aðferðir til að veiða púka.
 - c) hvað púkar eru mikil hrekkjusvín.
 - d) bónda, húsfreyju og fjósamann.

2. Hvers vegna hætti bóndinn að láta lesa húslestra?
 - a) Honum fannst það leiðinlegt.
 - b) Hann hafði ekki tíma til þess.
 - c) Honum fannst það tímaeyðsla.
 - d) Hann týndi bókinni.

3. Hvers vegna gerði bóndinn krossmark fyrir holuna sem hann lokaði fluguna í?
 - a) Til þess að skreyta vegginn.
 - b) Til þess að hreinsa rusl úr holunni.
 - c) Til þess að geta fundið holuna aftur.
 - d) Til þess að flugan slyppi ekki út.

4. Hvað gerði húsfreyjan við fluguna sem hún fann?

5. Hvað var flygsan að elta í fjósinu?

6. Hvað þýðir „kýrnar urðu allar ærar“?
- a) Þær urðu óðar.
 - b) Þær breyttust í kindur.
 - c) Þær urðu veikar.
 - d) Þær fóru að jarma.
7. Hvað þýðir „fjósamanninum féllust hendur“?
- a) Honum varð illt í höndunum.
 - b) Hann vissi ekki hvað hann átti að gera.
 - c) Hann klappaði saman höndunum.
 - d) Hann missti allt út úr höndunum.
8. Hvers vegna vildi bóndinn láta lesa húslestra aftur?
- a) Til þess að fólkinu leiddist ekki.
 - b) Til þess að eiga ekki á hættu að púkarnir kæmu aftur.
 - c) Til þess að fjósamaðurinn lærði að lesa.
 - d) Af því að honum fannst þeir skemmtilegir.

Albatrosar **stærsta vænghafið**

Albatrosar eru heimsins bestu sviffuglar. Af þeim eru til 13 aðgreindar tegundir og þeir stærstu hafa 3,5 metra vænghaf – stærra en nokkur annar núlifandi fugl. En vængirnir eru mjög mjóir. Þannig lagaðir vængir, langir og mjóir, eru vel fallnir til að stýra með þegar hvasst er. Þegar albatrosi er á hafi úti, lætur hann vindinn bera sig. Hann getur svifið tímunum saman yfir öldunum án þess að hreyfa vængina nokkurn tíma. Hann getur haldið 70 kílómetra hraða á klukkustund. Ef nauðsyn krefur getur hann svifið yfir stórt svæði á skömmum tíma.

Einu sinni var albatrosi handsamaður þar sem hann var að útbúa sér hreiður. Það var settur hringur á annan fótinn á honum til þess að hægt yrði að þekkja hann aftur. Og svo var hann fluttur með flugvél 6.000 kílómetra burt frá hreiðurstaðnum. Það liðu ekki nema 32 dagar þangað til hann var kominn að hreiðrinu sínu eins og ekkert hefði í skorist! Talið er að albatrosi fari mörgum sinnum umhverfis jörðina á einu ári.

Við miðbaug er kyrrabeltið og næstum alltaf logn. Það svæði reynir albatrosinn vitanlega að forðast. En fyrir kemur að hvassviðri hrekur albatrosa norður fyrir miðbaug. Þá er hann í rauninni genginn í gildru. Því verður hann það sem hann á eftir ólifað að flakka um á norðurhveli jarðar.

Albatrosar koma ekki á land nema á varptímanum. Þeir verpa á afskekktum eyjum langt úti á heimshöfunum. Þegar þeir fara út á hafið í fæðuleit breiða þeir bara úr vængjunum – og vindurinn hefur þá á loft.

En stundum koma dagar þegar ekki er nógu hvasst. Þá er ekki auðvelt að hefja sig til flugs. Þá hlaupa þeir áfram með útbreidda vængi. Að síðustu hafa þeir náð svo miklum hraða, að þeir komast á loft. Í miðjum hinum stóru varpstöðvum hafa þeir oft hreiðurlausa ræmu. Þessa ræmu nota þeir fyrir flugbraut þegar tilhlaup er nauðsynlegt til flugtaks.

Albatrosar eiga í mestu erfiðleikum með unga sína. Að vísu verpa þeir aðeins einu eggi, og eignast því bara einn unga. En það tekur næstum 10 mánuði að klekja egginu og mata ungann. Svo mikið strit og umstang þarf enginn annar fugl að leggja á sig vegna afkvæma sinna. En það bæta foreldrarnir sér upp með löngu fríi á eftir. Albatrosar verpa yfirleitt aðeins annað hvert ár. Ungarnir eru mörg ár að ná fullum þroska. Þeir bíða oftast með að verpa þangað til þeir eru orðnir næstum 10 ára gamlir.

Það þegar albatrosa ekkert þótt þeir komist hvergi í drykkjarvatn á flugi sínu yfir haffletinum. Þá þyrstir ekki vegna þess að þeir þola að drekka saltan sjó. Saltið úr sjónum safnast fyrir í sérbúnum nösum. Öðru hverju þarf því albatrosinn að „snýta sér“ til að losna við saltið.

Bent Jørgensen. Risar dýraríkisins. Skjaldborg.

Albatrosar – könnun á lesskilningi

Nafn: _____ dags. _____

1. Hvaða tvö orð lýsa vængjum albatrosa best?

2. Hvers vegna kemst albatrosinn ekki til baka ef hann er kominn norður fyrir kyrrabeltið?
 - a) Af því að hann ratar ekki til baka.
 - b) Af því að hann deyr úr hungri áður.
 - c) Af því að hann getur ekki flogið í logni.
 - d) Af því að aðrir albatrosar reka hann burt.

3. Hvað er líkt með albatrosa og flugvél? Veldu besta svarið.
 - a) Bæði hafa vængi og þurfa flugbraut til að fara á loft.
 - b) Bæði fljúga í kringum hnöttinn.
 - c) Bæði geta ekki flogið í logni.
 - d) Bæði fljúga best í roki.

4. Hvað þýða undirstrikuðu orðin? Eins og ekkert hefði í skorist.
 - a) Eins og enginn hefði skorið sig.
 - b) Eins og ekkert hefði gerst.
 - c) Eins og ekkert egg hefði skemmst.
 - d) Eins og einhver hefði skorið hann.

5. Hvað er líklegast að albatrosi sé að gera ef hann finnst á eyju?
 - a) Fá sér vatn að drekka.
 - b) Æfa sig í að fara á loft.
 - c) Hvíla sig.
 - d) Verpa og annast unga.

6. Hvað eru albatrosar oftast gamlir þegar þeir byrja að verpa?

7. Hvað þýðir undirstrikaða orðið? Það þagar albatrosa ekkert þó ...

- a) Veldur óþægindum.
- b) Bakar.
- c) Skemmir.
- d) Fær í bakið.

8. Hvaða orðaruna passar best við albatrosa?

- a) Sundfugl, stórir vængir, snýtir sér.
- b) Sviffugl, flýgur í vindi, verpir annað hvert ár.
- c) Sviffugl, flýgur í logni, verpir 10 ára gamall.
- d) Stór fugl, flýgur hratt, kafar mikið.

Bílar

Í byrjun 20. aldar kom bandaríski vélfræðingurinn Henry Ford á fót bílaverksmiðju í Detroit. Markmið hans var að framleiða léttan og hraðskreiðan bíl á sem ódýrasta hátt. Ford var ljóst að til að ná þessu marki yrði að framleiða bæði hratt og mikið.

Snilli Fords lá í því að honum skildist að ekki væri hægt að lækka verð á bílum svo að almenningur hefði efni á að eignast þá, ef sérsníða ætti hvern bíl. Eina leiðin til að framleiða svo ódýra bíla að venjulegir launþegar gætu keypt þá, var að staðla þá. Þannig var hægt að smíða mikið af vélum og öðrum bílahlutum og flytja þá síðan í eina stóra verkmiðju þar sem þjálfaðir starfsmenn settu þá saman.

Bílarnir voru settir saman í ákveðinni röð, þannig að hver verkamaður annaðist ákveðinn hluta verksins og bílarnir færðust milli verkamanna á færíbandi.

Til að geta sjálfur framleitt allt sem til bílsins þurfti, keypti Henry Ford námur, stálver og verksmiðjur, sem sáu honum fyrir stáli, timbri, gleri og leðri. Hann eignaðist einnig hlut í járnbrautum, gufuskípum og flugfélögum til að annast flutninga á fullunnum vörum. Svo árangursríkar voru aðferðir hans að frá 1908 til 1925 seldust 15 milljónir bíla af gerðinni Ford T.

Hin fræga T-gerð var hvorki þægileg né glæsileg á nútíma mælikvarða, en Ford gerði bílinn að almenningseign og í grundvallaratriðum hafa framleiðsluaðferðir þær, sem hann fann upp, ekki breyst í meira en 90 ár. Auðvitað eru bifreiðaverksmiðjur nú mun stærri og búnar sjálfvirkari vélum en jafnvel hinn framsýna Henry Ford gat órað fyrir og milljónir bíla eru framleiddar ár hvert.

Heimurinn okkar, vísindi og mannlíf nútímans, 3. löunn 1983.

Bílar – könnun á lesskilningi

Nafn: _____ dags. _____

1. Hvers vegna gátu bara ríkir menn eignast bíla í byrjun 20. aldar?

- a) Af því að þeir voru svo sjaldgæfir.
- b) Af því að það var svo dýrt að smíða einn bíl í einu.
- c) Af því að efnið í þá var svo dýrt.
- d) Af því að þeir sem bjuggu þá til vildu græða mikið.

2. Hvað hét maðurinn sem bjó til fyrstu bílaverksmiðjuna?

3. Hvað þýðir orðið „almenningur“ í kaflanum?

- a) Hólf í fjárrétt.
- b) Næstum því allir menn.
- c) Menn sem eru alltaf í vinnunni.
- d) Venjulegt fólk.

4. Hvað þýðir orðið „launþegar“ ?

- a) Menn sem fá verðlaun.
- b) Menn sem borga öðrum laun.
- c) Menn sem vinna í leyni.
- d) Menn sem fá laun fyrir vinnu sína.

5. Hvernig færðust bílarnir á milli verkamannanna sem settu þá saman?

6. Hvaða gagn var að því að hver verkamaður vann alltaf ákveðið verk?
- a) Þá var engin hætt á að þeir gerðu vitleysur.
 - b) Þá vissi verksmiðjustjórinn alltaf hvar allir voru að vinna.
 - c) Þá urðu þeir fljótari að smíða hvern bíl.
 - d) Þá þurfti ekki alltaf að vera að kenna þeim ný verk.
7. Hvar fékk Ford allt efni sem hann þurfti í bílana?
- a) Hann keypti það af öðrum.
 - b) Hann fékk það úr eigin námum og verksmiðjum.
 - c) Hann fékk allt sent frá útlöndum.
 - d) Hann fékk það gefið hjá ríkum mönnum.
8. Veldu besta svarið. Þessi kafli er um það ...
- a) hvernig Ford fór að því að framleiða ódýra bíla,
 - b) hvenær bílaverksmiðjur voru fyrst byggðar,
 - c) hvernig hægt er að kaupa bíla í Detroit,
 - d) hvenær fyrsti bíllinn var búinn til.

Ferðamennirnir og björninn

Einu sinni lögðu tveir menn leið sína um skóg.

„Það leggst í mig að villidýr verði á vegi okkar,“ mælti annar þeirra, „spor þeirra eru hér alls staðar í leirnum.“

„Láttu þér ekki verða bilt við, vinur minn,“ svaraði hinn. „Ef þau ráðast á okkur, munum við veita hvor öðrum lið. Við skulum láta eitt yfir okkur ganga og ekki skiljast að, hvað sem að höndum ber. Ég er rammur að afli og kann ekki að hræðast og - - -.“

Hann lauk aldrei setningunni, því að innan úr skóginum heyrðust skruðningar og síðan dimmt og lágt urr. Þegar hann heyrði það, brá hann við og kleif á svipstundu upp í hátt tré, því að hann var léttur á sér og liðugur eins og íkorni. En vinur hans stóð einmana og varnarlaus eftir í dauðans greipum. Hann var stirður og seinfær og gat því ekki klifrað upp í tréð eins fljótt og förunautur hans. En hann lét sér hvergi bregða. Hann þóttist vita, að árangurslaust væri að reyna að verjast eða flýja. Þess vegna tók hann það ráð að leggjast endilangur á jörðina, halda niðri í sér andanum og láta eins og hann væri dauður.

Varla hafði hann lagst niður þegar bjarndýr ruddist fram úr skógarþykkni og gekk rակleitt að honum. Manninum leist ekki á blikuna, þegar björninn tók að snuðra umhverfis hann og þefa af honum. Hann fann gerla heita loftið úr vitum bjarnarins leggja í andlit sér, því að hann fór með trýnið fast niður að honum. Þó lét hann ekki á sér bæra, því að það vissi hann að yrði bani sinn.

Björninn hugði nú manninn dauðan, sneri við og snautaði inn í skógin. Það eru munnmæli að bjarndýr snerti aldrei við líkum manna.

Hinn maðurinn sem sat ugglaus upp í trénu, gægðist niður við og við og sá allt sem fram fór. En þegar hann sá björninn lötra burt og engin hætta var framar á ferðum, steig hann ofan úr trénu. Hann blygðaðist sín að vísu fyrir hugleysið og ódrengskapinn, en lét þó ekki á neinu bera og reyndi að breiða yfir það með glensi og sagði við félagan sinn: „Það rættist betur úr þessu en leit út fyrir í fyrstu. En segðu mér vinur minn, hverju hvíslaði björninn í eyra þér, þegar hann laut ofan að þér?“

„Hann varaði mig við því,“ svaraði hinn, „að treysta framar jafnmiklum oflátung og monthana eins og þú ert, því að eigi reyndi á hreystina fyrr en á hólminn kæmi.“

Þegar til stórræða kemur og á reynir, duga þeir menn oftast verst sem mest hafa gortað af hugrekki sínu og hreysti.

Úrval úr lestrarbók 2. hefti. Ríkisútgáfa námsbóka.

Ferðamennirnir og björninn – könnun á lesskilningi

Nafn: _____ dags. _____

1. Hvaða vísbendingar sáu mennirnir um að þeir gætu rekist á villidýr?

2. „Hann var rammur að afli.“ Hvað þýða undirstrikuðu orðin?
 - a) Hann var rammgöldróttur.
 - b) Hann var lyftingamaður.
 - c) Hann var mjög sterkur.
 - d) Hann var rafmagnaður.
3. Hvað gerði montni maðurinn þegar hann heyrði skruðninga úr skóginum?

4. Hvers vegna var annar maðurinn kyrr á jörðinni þegar björninn kom?
 - a) Hann hafði ekki séð björninn koma.
 - b) Hann var ekki hræddur við birni.
 - c) Hann ætlaði að veiða björninn.
 - d) Hann komst ekki upp í tréð.
5. Veldu besta svarið: Hvers vegna þóttist maðurinn vera dauður þegar björninn kom?
 - a) Til þess að plata björninn.
 - b) Til þess að björninn dræpi hann ekki.
 - c) Til þess að björninn elti hinn manninn.
 - d) Til þess að hvíla sig.

6. Hvað þýðir undirstrikaða orðið? Hann fann gerla heita loftið úr vitum bjarnarins leggja í andlit sér,
- a) bakteríur
 - b) illa lyktandi
 - c) greinilega
 - d) súra.
7. Hvers vegna spurði maðurinn sem var í trénu að því, hvað björninn hefði hvíslað?
- a) Hann var forvitinn.
 - b) Hann var að draga athyglina frá kjarkleysi sínu.
 - c) Hann langaði að læra bjarnarmál.
 - d) Hann var bara að grínast.
8. Veldu besta svarið: Kjarni sögunnar er
- a) að maður eigi ekki að fara um skóg nema hafa byssu
 - b) að birnir geti verið hættulegir
 - c) að þeir sem monta sig mest eru oft huglausastir
 - d) að birnir láti dauða menn í friði.

Gróður – gróðureyðing

Fyrir um 2500 árum kólnaði í veðri. Jurtunum gekk ekki eins vel að lifa og áður. Það rigndi og snjóaði meira. Fyrir nærri 1200 árum komu fyrstu mennirnir til Íslands. Þeir höfðu með sér búfé sem þurfti eitthvað að éta. Mennirnir þurftu eldivið. Þeir þurftu að slétta land til að rækta á.

Mennirnir eyddu miklu af skógi. Sums staðar var líka of margt búfé á litlu svæði. Þar gekk gróðri illa að lifa af því að fénaðurinn át mikið og jurtir náðu hvorki að vaxa eðlilega né endurnýjast. Stór eldgos dreifðu mikilli gjósku og stundum féllu ægileg vatnsflóð yfir gróð land.

Allt þetta var vont fyrir gróðurinn og moldina. Það komu stór sár í gróðursvæðin (til dæmis farvegir vatns og blettir þar sem jurtirnar dóu). Þar gat vindurinn farið að blása burt þurri mold. Smám saman stækkuðu svo sárin og moldrokið jókst. Við köllum svona atburðarás uppblástur. Mikið af moldinni sem safnast hafði saman í mörg þúsund ár f auk í burt á nokkur hundruð árum. Líklega er nú bara eftir helmingurinn af moldinni sem var til fyrir 2500 árum.

Enn er mikill uppblástur og töluverð gróðureyðing á Íslandi. Sums staðar hefur ekki verið hægt að stöðva moldrokið. Sums staðar er enn of margt fé í úthögum. Sums staðar er búið að grafa of mikið af skurðum í mýrar. Menn skemma mold og gróður að óþörfu með bílaslóðum og alls konar raski.

En það er líka mikið gert til þess að bjarga mold og gróðri og fá jurtir til þess að vaxa þar sem moldin er fokin burt. Það kallast landgræðsla. Fyrir 80 árum var byrjað á slíkri uppgræðslu fyrir alvöru. Þá hóf Landgræðsla ríkisins að starfa. Núna vinna menn að því að girða og friða landsvæði. Þeir sá fræi og bera áburð á landið, oft úr flugvélum, og rannsaka líka hvernig best sé að græða það upp. Reynt er að stjórna því hvar húsdýr eiga að fá að bíta. Rannsóknir og tilraunir fara fram í umsjá Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og fleiri aðila.

Oft hjálpa félög, bændur, íbúar þorpa og bæja og skólakrakkar til við landgræðslu. Þau bjarga kannski mold þar sem hún er að hverfa, laga það sem við köllum rofabörð (rofabörð eru leifar af jarðvegslagi) og sá í moldarlaus svæði á milli þeirra.

Skógrækt ríkisins og um það bil 40 skógræktarfélög víða um land vinna að því að rækta skóg eða gæta þeirra skóga sem eru til. Allur skógur sem núna klæðir landið kemst fyrir á 1250 ferkílómetra svæði. Það er rúmlega tvisvar sinnum flatarmál Mýrdalsjökuls. Fyrir 1200 árum var til tuttugu sinnum meiri birkiskógur en núna.

*Landið, umhverfið og við. Ari Trausti Guðmundsson.
Námsgagnastofnun 1993.*

Gróður – gróðureyðing – könnun á lesskilningi

Nafn: _____ dags. _____

1. Hvers vegna þurfti að rækta landið þegar fyrstu mennirnir komu til Íslands?
 - a) Til að auðveldara væri að ferðast um.
 - b) Til að hægt væri að girða í kringum búféð.
 - c) Til að afla fóðurs handa búfénu.
 - d) Af því að það var svo líttill gróður.

2. Hvað þýðir uppblástur?
 - a) Þegar mikil mold safnast saman á einn stað.
 - b) Þegar skógurinn er horfinn svo að það er ekkert skjól eftir.
 - c) Þegar vatnið grefur farvegi og eyðir gróðri.
 - d) Þegar vindurinn blæs jarðvegi burt.

3. Hvað af þessu gagnast til að minnka uppblástur og gróðureyðingu?
 - a) Fjölga hrossum.
 - b) Fækka fé í högum.
 - c) Grafa skurði.
 - d) Ferðast gangandi.

4. Hvers vegna þarf að stjórna beit húsdýra þegar landið er grætt upp?
 - a) Til þess að þau skemmi ekki gróðurinn.
 - b) Til þess að þau fái nóg að éta.
 - c) Til þess að þau trufli ekki tilraunirnar.
 - d) Til þess að girðingarnar skemmist ekki.

5. Hvað er langt síðan fyrstu mennirnir komu til Íslands?

6. Hvaða aðferðir er hægt að nota til að græða landið? Finndu tvær aðferðir sem nefndar eru í textanum og skrifaðu þær hér á línurnar:

7. Þeir sem eru í skógræktarfélagum reyna að ...
- a) rækta skóg á Mýrdalsjökli
 - b) rækta skóg og friða skóga
 - c) bjarga mold og flytja í skógana
 - d) rækta birkiskóg.
8. Veldu besta svarið. Þessi kafli er aðallega um ...
- a) hvernig skógurinn á Íslandi eyddist á landnámsöld
 - b) hvernig hægt er að rækta upp landið
 - c) hvernig gróður á Íslandi hefur breyst eftir að menn settust hér að
 - d) hvernig hægt er að stjórna beit húsdýra.

Víkingar

Áhrif víkinganna á löndin sem þeir herjuðu á urðu ekki varanleg. Þeir tóku venjulega upp háttu heimamanna þar sem þeir settust að og glötuðu flestum séreinkennum sínum á nokkrum mannsöldrum. Það var helst á Bretlandseyjum sem áhrifa þeirra gætti að einhverju marki. En jafnvel þar hurfu þeir furðu fljótt ef undan eru skilin nokkur atriði í lögum og mikill fjöldi norrænna orða sem festist í enskri tungu.

En þótt bein áhrif víkinganna yrðu ekki mikil til langframa, þá höfðu þeir nokkur óbein áhrif í Vestur-Evrópu. Árásir þeirra urðu til dæmis til þess að þjóðhöfðingjar reyndu að styrkja landvarnir og komu sér meðal annars upp herjum í því skyni. Þannig urðu ferðir víkinganna til að styrkja konungsvaldið í mörgum löndum enda þótt margt fleira hafi komið þar til.

Þá má ekki gleyma þætti víkinganna í verslun, því ekki leikur vafi á því að þeir áttu sinn þátt í auknum viðskiptum í Evrópu á þessum tíma og stuðluðu því óbeint að friðsamlegum samskiptum milli ríkja og þjóða.

En áhrif Vestur-Evrópu á víkingana og menningu þeirra urðu hins vegar mun meiri og varanlegri. Þeir fluttu heim með sér nýja tækni og verkmenningu, nýjar hugmyndir um stjórnun landanna og síðast en ekki síst steypiti kristindómurinn hinum fornu goðum af stalli og flutti með sér nýjar siðgæðishugmyndir, ritlistina og fleira sem gerbreytti lífi Norðurlandabúa.

Meðal nýjunga sem bárust til Norðurlanda á víkingaöld var listin að byggja hús úr steini, en fram að því höfðu öll hús verið reist úr viði. Ekki gekk þrautalaust að tileinka sér þessa nýju kunnáttu. Það var í raun ekki fyrr en á 11. öld, er konungar og aðrir höfðingjar fóru að byggja kirkjur, að steinhús tóku að rísa að nokkru marki.

Eitt mikilvægasta verkfærið sem Norðurlandabúum barst á víkingaöld var hjólplógurinn sem uxum eða hestum var beitt fyrir. Með honum jókst uppskera til muna, því plógurinn sneri jarðveginum, en gamli arðurinn gerði aðeins rák í jarðvegin fyrir útsæðið. Til að nota þennan nýja plóg þurfti hins vegar fleiri dráttardýr og því voru það fyrst og fremst hinir ríkari sem gátu nýtt sér hann. Þetta verkfæri hefur því líklega orðið til þess að auka bilið á milli ríkra og fátækra.

Óhætt er að fullyrða að mikilvægasta nýmælið sem barst til Norðurlanda á víkingaöld var hin nýja trú. Með henni breyttust allar hugmyndir manna um lífið og tilveruna. Hinn nýi guð var mildari en þeir Óðinn og Þór og það hefur smám saman haft áhrif á samskipti manna. Ritlistin kom til sögunnar og menningararfur Grikkja og Rómverja átti nú greiðari leið inn í þessi lönd. Auk þess fylgdu kristinni trú ýmsar nýjungar í byggingarlist.

Víkingar. Steingrímur Sigurðsson.

Námsgagnastofnun 1989.

Víkingar – könnun á lesskilningi

Nafn: _____ dags. _____

1. Hvers vegna höfðu víkingarnir lítil varanleg áhrif þar sem þeir settust að?
 - a) Þeir voru miklu færri en fólkíð í löndunum sem þeir settust að í.
 - b) Þeir tóku upp siði heimamanna.
 - c) Þeir fengu ekki að ráða neinu.
 - d) Þeir vildu alltaf vera að berjast við hina íbúana.
2. Hvernig stóð á því að völd konunga styrktust vegna árása víkinga?
 - a) Þeir réðu sér aðra víkinga til að berjast með sér.
 - b) Þeir fóru að hjálpa hver öðrum að verjast.
 - c) Þeir stofnuðu eigin hersveitir.
 - d) Þeir létu alla í landinu hjálpa sér við að verjast árásum.
3. Hvernig stuðluðu víkingar að friðsamlegum samskiptum milli þjóða?
 - a) Þeir kenndu hinum þjóðunum ný orð og ný lög.
 - b) Með því að stunda verslun við aðrar þjóðir.
 - c) Þeir kenndu konungunum að berjast.
 - d) Þeir lærðu nýja tækni og verkþekkingu.
4. Hvers vegna varð nýi hjólplógurinn til að auka bilið milli ríkra og fátækra?
 - a) Af því að þeir fátæku höfðu ekki efni á að kaupa sér hjólplóg.
 - b) Af því að þeir fátæku áttu ekki nógu mörg dráttardýr til að draga hjólplóg.
 - c) Af því að fátækir máttu ekki kaupa svona plóga.
 - d) Af því að þeir ríku áttu of mörg dráttardýr.
5. Hvers vegna er hægt að segja að kristin trú hafi verið mikilvægasta nýmælið sem barst til Norðurlanda á víkingaöld?
 - a) Samskipti manna urðu betri.
 - b) Þá fengu þeir presta til að messa.
 - c) Henni fylgdu nýjar hugmyndir um tilveruna og ný þekking.
 - d) Þá hættu víkingarnir alveg að berjast.

6. Hvað þýðir orðið arður í kaflanum?

- a) Verkfæri notað við sáningu.
- b) Gróði af verslun.
- c) Verkfæri til að grafa skurði.
- d) Maður sem plægir.

7. Hvenær fóru íbúar Norðurlanda að reisa sér steinhús?

8. Veldu besta svárið: Þessi kafli fjallar aðallega um ...

- a) árásir víkinga á ýmis ríki í Vestur-Evrópu
- b) hvernig víkingar lærðu að nota hjólplóg
- c) hvað víkingar kunnu lítið
- d) hvað víkingar og þjóðir í Vestur-Evrópu lærðu hver af annarri.

Vinnublað nemenda



Gagnvirkur lestur

Vinnublað í hópvinnu

Notið vinnukortin til að leiðbeina ykkur. Það má vinna verkefnið í hvaða röð sem þið kjósið en munið að hópurinn á að ljúka öllum verkefnum.

Skrifið nöfn þeirra sem eru í hópnum

Heiti texta _____

Spá fyrir

Þegar þið hafið lesið fyrirsögnina spáið þið fyrir og skrifið eina eða tvær setningar sem spá fyrir um hvað textinn fjallar. Endurtakið ef kaflar eru fleiri en einn.

Útskýra

Skrifið niður orð, orðasambönd eða setningar sem þið þurfið að útskýra og útskýringu ykkar.

Draga saman meginatriði (útdráttur)

Skrifið í stuttu máli um hvað kafllinn fjallaði.

Spyrja „kennaralegra“ spurninga:

Notið leiðbeiningarnar á vinnukortinu og skrifið þrjár mikilvægar spurningar um það sem þið lásuð. Þið þurfið að geta svarað spurningunum sjálf.

1.

2.

3.

Heimildaskrá

- Anna Guðmundsdóttir. 2002. „Það er bara heilans vandamál“. *Starfendarannsókn á kennslu í gagnvirkum lestri á miðstigi*. Óbirt M.Ed-ritgerð við Kennaraháskóla Íslands.
- Beck, Isabel L., Margaret G. McKeown, Rebecca L. Hamilton og Linda Kucan. 1997. *Questioning the Author. An Approach for Enhancing Student Engagement with Text*. Newark, D.E., International Reading Association.
- Brown, Ann L. og Annemarie Sullivan Palincsar. 1985. *Reciprocal Teaching of Comprehension Strategies: A Natural History of One Program for Enhancing Learning*. Technical Report no. 334.
- De Corte, Erik, Lieven Verschaffel og An van de Ven. 2001. Improving Text Comprehension Strategies in Upper Primary School Children: A Design Experiment. *British Journal of Educational Psychology* 71:531–559.
- Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmenningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Bókaútgáfan Hólar.
- Hashey, Jane M. og Diane J. Connors. 2003. Learn from our Journey: Reciprocal Teaching Action Research. *The Reading Teacher*, 57:224-232.
<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/kennsluadferdirnar.htm>
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluadferðanna*. Reykjavík. Æskan.
- Lilja M. Jónsdóttir. 1996. *Skapandi skólastarf*. Reykjavík. Námsgagnastofnun.
- National Institute of Child Health and Human Development. 2000. *Report of the National Reading Panel. Teaching Children to Read. An Evidence-Based Assessment of the Scientific Research Literature on Reading and Its Implications for Reading Instruction*. (NIH Pub. No.00-4769). Washington, DC: U.S. Government Printing Office.
- Ogle, Donna. 1986. K-W-L: A Teaching Model that Develops Action Reading of Expository Texts. *The Reading Teacher*, 40:564–570.
- Pressley, Michael. 2000. Comprehension Instruction in Elementary School: A Quarter-Century of Research Progress. *Reading for Meaning: Fostering Comprehension in the Middle Grades* (ritstj. Barbara M. Taylor, Michael F. Graves og Paul van den Broek) bls. 32–51. New York, Teachers College Press.
- Pressley, Michael. 1998. *Reading Instruction that Works. The Case for Balanced Teaching*. New York, The Guilford Press.
- Rósa Eggertsdóttir. 1998. Í *Fluglæsi. Áherslur, stefnumörkun og aðferðir í lestrarkennslu* (ritstj. Rósa Eggertsdóttir) bls. 33–36. Akureyri, Skólajónusta Eypings.
- Stothard, Susan E. 1996. Assessing Reading Comprehension. *Dyslexia, Speech and Language, A Practitioner's Handbook* (ritstj. Margaret Snowling og Joy Stackhouse) bls. 108–128. London, Whurr Publishers Ltd.
- van den Broek, Paul og Kathleen Cramer. 2000. The Mind in Action: What it Means to Comprehend During Reading. *Reading for Meaning: Fostering Comprehension in the Middle Grades* (ritstj. Barbara M. Taylor, Michael F. Graves og Paul van den Broek) bls. 1–31. New York, Teachers College Press.
- Wilson, Jeni og Phil Johnson. 2000. Students Thinking about their own Learning: Assessment to Improve Learning. *Educational Research Quarterly*, 24(2):10–18.
- Þóra Björk Jónsdóttir. 1998. Í *Fluglæsi. Áherslur, stefnumörkun og aðferðir í lestrarkennslu* (ritstj. Rósa Eggertsdóttir) bls. 29–32. Akureyri, Skólajónusta Eypings.

Leiðsagnarspjöld

Dæmi um einföld leiðsagnarspjöld. Best er að prenta þau beggja vegna á stífan pappír og plasta til að þau endist.



Spáðu fyrir:

- Þegar þú hefur lesið titilinn
- Þegar þú hefur lesið fyrirsögn eða kaflaheiti
- Þegar höfundur spyr einhvers
- Þegar gefið er í skyn í textanum um hvað verði fjallað næst.

Spásetningar:

- Út frá titlinum spái ég að þetta sé um ____
- Af því að ég veit ____ um þetta efni/sögu held ég að ____
- Ég held að næsti kafli verði um ____
- Af því að ____ (vísbendingar í textanum), býst ég við að ____
- Vegna þess sem ____ gerði/sagði, held ég að ____.



Útskýrðu það sem er erfitt:

- Þegar þú skilur ekki
- Þegar þú nærð ekki efni textans
- Þegar þú veist ekki hvað einhver orð þýða.

Útskýringarsetningar:

- Ég skil ekki alveg ____
- Ég hef spurningu um ____
- Ég mundi vilja spyrja höfundinn um ____
- Þetta orð/þessa setningu skil ég ekki ____.



Spurðu kennaralegra spurninga:

- Hver ____?
- Hvar ____?
- Hvenær ____?
- Hvað ____?
- Hvernig ____?
- Hvers vegna ____?
- Hvers vegna er ____ mikilvægt?
- Hvers vegna gerist ____?
- Nefndu dæmi ____
- Lýstu ____
- Berðu saman ____ og ____
- Hvað er ólíkt með ____ og ____?
- Hvað er sameiginlegt með ____ og ____?
- Hvað er mikilvægast ____?
- Hver er þín skoðun á ____?



Dragðu saman meginatriði:

- Leitaðu að setningu sem fjallar um efnið ____
- Leitaðu að „hver, hvað, hvenær, hvar, hvers vegna og hvernig“ ____.

Setningar með meginatriðum:

- Þessi saga/kafli er aðallega um ____
- Efnissetningin er ____
- Höfundur er að reyna að segja ____
- Þessi saga/kafli er um ____ byrjar á ____ segir frá ____ og endar á ____.

Kannanir – lausnir

Púkarnir – könnun á lesskilningi

Svör: 1. a, 2. c, 3. d, 4. Setti í legg og bjó um (lokaði), 5. Vindinn úr kúnni. 6. a, 7. b, 8. b.

Albatrosar – könnun á lesskilningi

Svör: 1. Langir og mjóir, 2. c, 3. a, 4. b, 5. d, 6. Um 10 ára gamlir. 7. a, 8. b.

Bílar – könnun á lesskilningi

Svör: 1. b, 2. Henry Ford, 3. d, 4. d, 5. Á færíbandi, 6. c, 7. b, 8. a.

Ferðamennirnir og björninn – könnun á lesskilningi

Svör: 1. Þeir sáu spor í leimum, 2. c, 3. Hann klífraði upp í tré. 4. d, 5. b, 6. c, 7. b, 8. c.

Gróður – gróðureyðing – könnun á lesskilningi

Svör: 1. c, 2. d, 3. b, 4. a, 5. 1200 ár, 6. Girða og friða land, sá fræi, bera á áburð, stjórna beit húsdýra (tvennt af þessu), 7. b, 8. c.

Víkingar – könnun á lesskilningi

Svör: 1. b, 2. c, 3. b, 4. b, 5. c, 6. a, 7. Á 11. öld, 8. d.